



Kynningarfundur með foreldrum nýnema og aðalfundur foreldraráðsins

Fjöldmargir foreldrar nýnema mættu á kynningarfund miðvikudaginn 22. ágúst. Farið var yfir skólastarfið og helstu reglur skólans kynntar. Umsjónarkennarar kynntu sig fyrir foreldrum og voru þeir hvattir til að fylgjast vel með skólagöngu ungmenna sinna og vera í góðu sambandi við skólann.

Að kynningarfundinum loknum var aðalfundur foreldraráðsins. Þar var farið yfir skýrslu stjórnar og valið í stjórn næsta árs. Væntir skólinn mikils af samstarfi við foreldra á komandi skólaári.

Aðgangur forráðamanna að INNU

Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára hafa óheftan aðgang að Innu.

[Inna](#) geymir m.a. upplýsingar um stundatöflu nemenda, mætingu, einkunnir, einingafjölda og upplýsingar um nám nemenda. Mikilvægt er að fylgjast vel með viðveru /mætingu nemenda. Fyrir kemur að nemendur missa tökin á mætingu sinni á fyrsta ári í framhaldsskóla, því er mikilvægt að veita þeim aðhald varðandi góða skólasókn.

Til að virkja aðganginn að Innu þarf að setja inn kennitölu og biðja um nýtt lykilorð. Þá er lykilorðið sent á það netfang sem er skráð á forráðamenn í Innu.

Skólasóknarreglur eru á heimasíðu skólans og má sjá þær [hér ásamt öðrum reglum, svo sem reglum um veikindi og veikindatilkynningar](#).



Glaðbeittir FG-ingar í Rúmeníu. Þeir eru þar á vegum Erasmus undir styrkki stjórn Petrunar Jónsdóttur og Jóhönnu Ingvarsdóttur

Fyrsta ballið

Fimmtudaginn 13. sept. heldur nemendafélagið sinn fyrsta dansleik á haustönn. Ekkert er til sparað af hálfu nemendafélagsins og fjöldi skemmtikrafta mun stíga þar á svið. Dansleikurinn er nemendum mikið tilhlökkunarefni en á sama tíma ber að hafa í huga að sumir nemendur halda að allt sé leyfilegt þegar komið er í framhaldsskóla. Svo er alls ekki. Starfsmenn skólans ásamt gæslumönnum verða til eftirlits. Þeim nemendum sem grunaðir eru um ölvun verður boðið að blása í mæla eða hverfa á braut ella.

Við hvetjum foreldra til að fylgjast grannt með og leyfa ekki eftirlitslaus samkvæmi í heimahúsum. Við minnum á að við samþykkjum ekki drykkju á skólaböllum en nemendur koma stundum undir áhrifum til okkar á dansleiki.

Við vonum að nemendur skemmti sér vel á dansleiknum og njóti þess sem nemendafélagið (NFFG) býður upp á í vetur.

Björkvöld eru aldrei á vegum skólans og nemendur yngri en 18 ára eiga ekkert erindi á öldurhús.

Nýtt mötuneyti og umgengni

Ný önn fer vel af stað og erum við sérlega ánægð með þá nemendur sem bættust við í haust. Þetta eru öflugir nemendur og munu örugglega setja sinn svip á skólastarfið og sitt nánasta umhverfi.

Eins og oft áður er umgengni nemenda ábótavant. Við erum með nýja rekstraraðila í mötuneytinu og er ekki laust við þeim fallist stundum hendur þegar litið er yfir matsalinn. Stjórnendur hafa heimsótt nýnemahópa í þessari viku og tala þá alltaf um umgengni. Einnig ætlum við að auka ferðir okkar niður í mötuneyti næstu vikur og ræða við nemendur um að bæta frágang. Biðjum við foreldra einnig um að taka upp þessa umræðu við sín ungmenni og að þau sýni umhverfinu virðingu.